



Íbúar höfuðborgarsvæðisins raku margir upp stór augu í gærmorgun þegar við blasti snævi þakin jörð á öðrum degi páska. Unga kynslóðin sá þó tækifærin í páskahretinu líkt og bræðurnir Óttar, Rúrik og Grímur sem í félagi við frænda sinn Sölva voru í óða önn við að byggja myndarlegt snjóvirki þegar ljósmyndara bar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÍ

Konum sem glíma við þunglyndi fjölgar

Tæplega nítján prósentu aukning var í ávisunum þunglyndislyfja milli 2012 og 2016. Langmest er ávísað á Austurlandi og Norðurlandi en minnst á Vestfjörðum. Sérfræðingur í lyfjateymi Landlæknis segir aukninguna áhyggjuefni. Mögulega sé lyfjum ávísað án greiningar.

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega nítján prósentu aukning varð á ávisuðum skömmtum frá árinu 2012 til 2016. Tæplega tvöfalt fleiri þunglyndislyfjaskömmtum er ávísað til kvenna heldur en karla. Þetta er meðal þess sem lesa má úr Mælaborði lýðheilsu sem Embætti landlæknis gefur út. Árið 2016 var 132,3 dagskömmum þunglyndislyfja ávísað á hverja 1.000 íbúa (DDD). Árið 2012 stóð

talán hins vegar í 106,8 DDD. Mestu er ávísað á Austurlandi, 150,6 DDD, og Norðurlandi, 141,6 DDD. Minnstu er ávísað á Vestfjörðum eða 111 DDD. Sé horft til kynjanna er langmestu, 170 DDD, ávísað til kvenna samanborið við 94,1 DDD til karla. Áberandi langmestu er ávísað á Austurlandi þar sem 210,3 DDD var ávísað til kvenna á svæðinu árið

2016. Til samanburðar var tæpum 82 DDD ávísað til karla á Suðurlandi og Suðurnesjum sama ár. Norðurland og Austurland skera sig úr en á fyrrgreindu tímabili jukust ávisanir á svæðinu um fjórðung. Í flestum öðrum heilbrigðisumdæmum var aukningin á bilinu 14 til 18 prósent. „Þetta bendir til þess að á þessum svæðum sé mögulega einhver skortur á öðrum úrræðum fyrir þessa ein-

staklinga,“ segir Ólafur B. Einarsson, sérfræðingur í lyfjateymi Landlæknis. Ólafur segir þunglyndislyfin ekki ávanabindandi og að ekkert lækna-ráð eigi sér stað. Það sé hins vegar einhver vanlíðan sem ekki virðist unnt að leysa á annan hátt en með lyfjagjöf. Embætti landlæknis sér aðeins hve mörgum skömmtum er ávísað en ekki hvaða greiningar eða hve margar liggja þar að baki.

Mögulega sé verið að ávísa lyfjum án þess að fyrir liggja nákvæm greining á sjúkdómum. „Í samanburði við aðrar þjóðir erum við að nota meira en aðrar. Við notum til að mynda fjórðungi fleiri DDD en sú Norðurlandaþjóð sem á eftir okkur kemur. Það er áhyggjuefni hvað það er mikil aukning í ávisun lyfja,“ segir Ólafur. — **jóe / sjá síðu 5**

Fara varlega að auglýsingabanni

FJÖLMIDLAR Áfengisframleiðendur og innflytjendur nýta sér í auknum mæli samfélagsmiðla til að koma áfengisauklýsingum óhindrað á framfæri og þar með fram hjá banni við áfengisauklýsingum hér á landi. Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, fer nú yfir tillögur nefndar um bætt rekstrarmhverfi fjölmiðla sem lagði til að bannið verði afnumið. Lilja segir að mjög góð rök þurfi til að lögunum verði breytt. — **smj / sjá síðu 6.**



Lilja Alfreðsdóttir

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Sigurður Friðleifsson skrifar um vannýtt sóknarfæri í notkun metans. **16**

SPORT Úrslitakeppni Ólís-deildar kvenna hefst í kvöld. **12**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



Betolvex B-12



Fæst án lyfseðils

Actavis

NUTRILENK öflugur liðstyrkur



4BLS BÆKLINGUR Í FRÉTTABLAÐINU Í DAG



TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 | Akureyri • Undirhlíð 2

Veður



Stíf norðlæg átt á landinu, en hvassviðri við austurströndina og má búast við hvössum vindhviðum við fjöll suðaustanlands. Snjócoma eða él norðan- og austanlands og víða lélegt skyggni. Hiti um og undir frostmarki. **SJÁ SIÐU 22**



Winnie ásamt Mandela, fyrrverandi eiginmanni sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Hin baráttuglaða Winnie Mandela öll eftir veikindi

SUÐUR-AFRÍKA Winnie Madikizela, sem fór mikinn í baráttu sinni gegn aðskilnaðarstefnunni í Suður-Afríku um miðbik síðustu aldar, lést á heimili sínu í Suður-Afríku í gær. Í yfirlýsingu frá talsmanni hennar lést Winnie umkringd fjölskyldu sinni eftir langvarandi veikindi. „Hún barðist hetjulega gegn aðskilnaðarstefnu yfirvalda í Suður-Afríku og fornaði lífi sínu fyrir frelsið,“ segir í yfirlýsingu.

Á árunum 1958 til 1996 var Winnie gift Nelson Mandela en saman börðust þau fyrir réttindum svartra og gegn aðskilnaðarstefnu suðurafrikskra yfirvalda sem var innleidd árið 1949. Winnie var ítrekað fangelsuð fyrir mótmæli sín gegn hvíta minnihlutunum sem stýrði landinu en hún var einnig áberandi í baráttunni fyrir frelsun eiginmanns síns. Árið 1995 rak Mandela hana úr ríkisstjórn sinni vegna ásakana um spillingu. Þau skildu fljótlega eftir það. Á seinni árum var hún ítrekað sökuð um spillingu og þvertók hún fyrir að biðjast afsökunar á voðaverkum sem framin voru á aðskilnaðartíma í hennar nafni.

Á seinni árum var hún gagnrýnd fyrir framgöngu sína þar sem hún virtist reiðubúin að forna öllu fyrir málstaðinn, öfugt við fyrrverandi eiginmann sinn sem talaði fyrir málamiðlun til að innleiða nýja tíma í Suður-Afríku.

„Ég mun aldrei biðjast afsökunar,“ sagði Winnie árið 2013. „Ef ég þyrfti að ganga í gegnum þetta aftur þá myndi ég ekki breyta neinu. – khh

Heimför eftir páskaheggi



Það var jafn og þéttur umferðarþungi inn í borgina í gær þegar þúsundir borgarbúa sneru aftur til síns heima eftir páskaferðalög. Páskaheggin er ein af stærstu ferðahelgum ársins. Færð spilltist víða um land um helgina og á suðvesturhorninu í gær. Þó umferðin hafi gengið ágætlega urðu tvö slys með skömmu millibili í gær. Annað á Grindavíkurvegi. Hitt á Norðurlandsvegi sunnan Blönduóss. Fjórtnán slösuðust í slysum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

Stúdentaráð gagnrýnir ráðherra

MENNTUN Stúdentaráð Háskóla Íslands segir mennta- og menningarmálaráðherra ekki hafa hlustað á kröfur stúdenta í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um að framfærslugrunnur námsmanna nægi til að námsmenn geti framfleytt sér. Í ályktun sem stúdentaráð sendi frá sér segir að þetta sé ótækt.

Er bent á að lágmarkslaun á Íslandi séu um 280 þúsund krónur og verði um 300 þúsund í maí. Grunnframfærsla námsmanna sé hins vegar um 184 þúsund krónur samkvæmt nýjum úthlutunarreglum. – jhh

» Stúdentaráð bendir á að grunnframfærsla námsmanna sé um 100 þúsund krónum undir lágmarkslaunum.

Vilja fá Íslendinga til Noregs í víkinganám

Fjórtnán nemendur í víkingafræðum koma til Íslands á morgun frá Nordfjordeid. Þeir ætla að skoða víkingaskip, hitta íslenska ásatrúarmenn og skoða söguslóðir fornra víkinga. Lýðheilsuskólinn í Norfjordeid vill fá Íslendinga í námið.

SAGA Fjórtnán nemendur á víkingalínu í lýðháskóla í Nordfjordeid í Noregi koma hingað til Íslands á morgun í tengslum við nám sitt. Þeir ætla að skoða víkingaskip, hitta íslenska ásatrúarmenn og skoða söguslóðir íslenskra víkinga.

„Við erum með hóp í víkinganámi. Þeir læra stálsmiði, leðurvinnu og að útbúa föt og mat að hætti víkinganna. Svo læra þeir að sigla víkingaskipi og svo framvegis,“ segir Stig Myren, sérfræðingur í víkingafræðum og kennari í náminu. Hann segir að í náminu sé sjónum beint að því sem vitað er um víkingaöldina og hvernig sýn manna á víkingana hefur breyst yfir tímann, meðal annars vegna sjónvarpsins. Stig segir að hópurinn verði hér á landi í eina viku, en þetta er í annað skipti sem nemendur í þessu námi fara til Íslands.

Stig segir að hluti af náminu sé reiðkennsla og að nokkrir nemendanna hyggist fara á hestbak hér. Svo stefna nemendurnir líka á að kynna sér glímu á Íslandi. Stig segir þó að það hafi reynst mjög erfitt að finna glímuiðkendir sem geti tekið á móti þeim.

Íslendingurinn Marta Eiríksdóttir býr í Nordfjordeid Noregi, þar sem lýðháskólinn er og kennir jóga einu sinni í viku. Hún segir Norðmenn hafa mikinn áhuga á sögu landnámsmannanna norsku sem sigldu til Íslands og hún hafi verið beðin um að segja þá sögu oftar en einu sinni. „Ísland er eins og Mekka er fyrir múslima. Þetta er landið sem varðveitt hefur tungumálið forna, dýrategundirnar eins og íslenska hestinn, landnámsþætur og fleira



Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, hefur heimsótt skólann til að kynna sér námið. Tormod Flatebo, ljósmyndari Fjordabladet, tók mynd af henni.

Þeir læra stálsmiði, leðurvinnu og að útbúa föt og mat að hætti víkinganna. Svo læra þeir að sigla víkingaskipi og svo framvegis.

Stig Myren, sérfræðingur í víkingafræðum



vegna mjög strangra krafa yfirvalda um verndun íslenskrar náttúru,“ segir Marta.

Marta segir að skólanum sé umhugað um að fá Íslendinga í námið og hvetur þá sem gætu haft áhuga á náminu að kynna sér það betur. „Ég held að það þurfi að hrista aðeins upp í Íslendingum, að þeir átti sig aðeins á því hvaðan við komum. Við erum ekki Amerikanar og við erum ekki Danir. Við erum Norðmenn. Það þarf að dusta rykið af þessu og það er verið að gera það í þessum litla bæ.“

jonhakon@frettabladid.is



**GARÐS
APÓTEK**
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
Pantaðu tiltekt á appotek.is
eða í síma 568 0990
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum
Pantaðu sendingu á appotek.is
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



Sparaðu og við hvetjum þig áfram

Landsbankinn greiðir 6.000 kr. mótframlag þegar fermingarbörn leggja 30.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn eða í verðbréfasjóð. Ef báðir kostir eru nýttir leggur Landsbankinn því til 12.000 kr. í mótframlag. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.

Nánari upplýsingar um verðbréfasjóði má nálgast á landsbankinn.is/sjodir.



Frestur til að lýsa kröfum í bú United Silicon runninn út

VIÐSKIPTI Frestur til að lýsa kröfum í protabú United Silicon rann út á föstudaginn langa, eða 30. mars. Á þessari stundu liggur ekki fyrir hver heildarupphæð krafna er. „Við eigum eftir að reikna það út en það kemur í ljós seinna í mánuðinum,“ segir Geir Gestsson skiptastjóri. Kröfuhafafundur verður haldinn í apríl og býst Geir við að þá verði búið að taka afstöðu til flestra krafna sem bærust.

Greint var frá því seinni hluta febrúarmánaðar að samkomulag hefði náðst milli skiptastjóra protabúsins og Arion banka um að bankinn myndi ganga að veðum og

taka yfir allar helstu eignir United Silicon. Bankinn ætlar síðan að gera nauðsynlegar lagfæringar á verksmiðjunni og selja hana eins skjótt og auðið er. Geir segir að þetta hafi verið stærsta ákvörðunin í búinu. „Eftir það er þetta meiri formvinna,“ segir Geir og bætir við að upplýst verði um verðmæti þeirra eigna sem Arion tók yfir á kröfuhafafundinum.

Þá hefur jafnframt komið fram að stjórn United Silicon sakar Magnús Garðarsson, fyrrverandi forstjóra og stofnanda kísilversins, um auðgunarbrot og hefur kært hann til lögreglu. Þá hafa fimm lífeyrissjódir sem

komu að fjármögnun verksmiðjunnar líka lagt inn kærur. Það eru Festa, Eftirlaunasjóður FÍA, Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands og Brú lífeyrissjóður. Kærendur telja að blekkingum hafi verið beitt og átt hafi verið við áætlanir og upplýsingar í þeim tilgangi að fegra stöðu félagsins og leyna kerfisbundnum auðgunarbrotum sem virðast hafa verið stunduð í skjóli félagsins.

Kæran var lögð fram að fenginni niðurstöðu lögfræðialits um stöðu sjóðanna vegna fjárfestinga sem tapast við gjaldþrot United Silicon. – jhh



Arion banki ætlar að gera nauðsynlegar lagfæringar á verksmiðju United Silicon og selja hana eins skjótt og auðið er. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

FRÉTTABLAÐIÐ IS

MEST LESIÐ



1 Þrír fluttir á brádamóttöku með þyrlu Landhelgisgæslunnar

2 Ari Eldjárn fór á kostum í áströlskum spjallþætti

3 Meira plast en súkkulaði í páskaegginu

4 Kim heillaður af K-poppi

5 Lavrov varpar ábyrgð á taugaeittrinu yfir á Breta

Breytingar í þjóðfélaginu geti skýrt aukningu í ávísunum

Mismunandi skammtastærð gæti skýrt að hluta hvi við notum meira af þunglyndislyfjum en nágrannabjódir. Um talsverð aukning hefur verið í ávísunum til ungra kvenna. Að mati yfirlæknis getur opin-ská umræða um sjúkdóminn stuðlað að því að fleiri leiti aðstoðar.

HEILBRIGÐISMÁL Mikil aukning er í ávísunum á þunglyndislyfjum til ungra kvenna. Ávísunum til þeirra fjölgaði umfram aukninguna til annarra hópa. Tæplega níttján prósent aukning var í þunglyndislyfjaávisunum milli árunna 2012 og 2016.


„Ein breyting sem við merkjum er að frá árinu 2012 hefur verið mikil aukning í því að ungar konur fái ávísad slíkum lyfjum,“ segir Ólafur B. Einarsson sérfræðingur á lyfjasviði landlæknis.

Ólafur bendir enn fremur á að tæplega tvöfalt fleiri skömmtum sé ávísad til kvenna heldur en karla. Þar spili meðal annars inn í að yfir 40 prósent kvenna á aldrinum 85-89 ára fái slík lyf.

Ávísanir þunglyndislyfja eru mældar í fjölda dagskammta sem ávísad er á hverja þúsund íbúa (DDD). Í tveimur heilbrigðisumdæmum, Austurlandi og Suðurnesjum, fá konur ríflega tvöfalt fleiri skömmtum ávísad en karlar. Minnstur er munurinn á Vestfjörðum. Þar



Ávísun þunglyndislyfja eftir kyni



fer 81,8 DDD til karla en 141,4 til kvenna. Sé litið til Austurlands fara 99,4 DDD til karla en 210,3 DDD til kvenna. Íslendingar nota langmest af þunglyndislyfjum samanborið við nágrannalönd okkar.

„Eitt af því sem við verðum að taka með í reikninginn þegar við berum Ísland saman við önnur lönd er að á Íslandi er aðeins hægt að ávísastórum skömmtum í einu,“ segir Nanna Briem, yfirlæknir á geðsviði Landspítalans.

Mörgum lyfjum er aðeins hægt að ávísastórum skömmtum. Allskostar óvíst er að rétt lyf finnist í fyrstu tilraun og því sé mögulegt að gifurlega mörgum skömmtum sé ávísad á sama einstakling þó aðeins lítill hluti þeirra sé síðan nýttur. Það sé einn af þeim hlutum sem getur spilað inn í og haft áhrif á samanburðinn.

„Ef við veltum þessu fljótt fyrir okkur þá er eitt af því sem mér dettur í hug að gæti mögulega haft áhrif að á þessu tímabili sé fólk frekar tilbúið að leita sér aðstoðar,“ segir Nanna.

Tímabilið 2012 til 2016 sé nokkuð langt og margt hafi breyst á þeim tíma. Margir hafi stigið fram, úr hinum ýmsu stéttum samfélagsins, og rétt opinskátt um sína kvilla og hvernig þeim hefur tekist að vinna úr þeim. Hingað til hafi konur yfirleitt verið líklegri til að leita sér aðstoðar sem geti skýrt muninn á því hvi konur fái fleiri skömmtum ávísad heldur en karlar.

Mikill munur er eftir landshlutum á því hve miklu er ávísad til fólks. „Mögulega er hluti skýringarinnar sá að fólk vill sækja sér aðstoð. Sumstaðar er aðstoðin í formi lyfja þar sem önnur fullnægjandi meðferð er ekki í boði,“ segir Nanna. jolli@frettabladid.is

Jeep



ALLT SEM ÞÚ ÞARFT Í JEPPA
COMPASS
LITLI BRÓÐIR GRAND CHEROKEE

VERÐLÆKKUN

DÍSEL 2.0L 140 HÖ. EÐA 170 HÖ. 9 GÍRA SJÁLFSKIPTING ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF MEÐ 4 DRIFSTILLINGUM

Select-Terrain™ fjórhjóladrif með 4 drifstillingum, árekstravörn, akgreinaaðstoð, leður/tau áklæði, hiti í stýri og framsætum, hraðastillir, snertiskjár, regnskynjari, LED ljós að framan og aftan, Bluetooth, leðurklætt aðgerðarstýri, varadekk í fullri stærð, 17" álfelgur o.fl. Einnig fáanlegur með 170 hö. bensínvél, sjálfskiptur.

VERÐ FRÁ 5.490.000 KR.

ÍSABAND
ISLENSK-BANDARISKA EHF. BÍLAUMBOD

Umboðsaðili Jeep - Þverholti 6 - 270 Mosfellsbær - s. 534 4433 - www.jeep.is
www.isband.is - isband@isband.is - Opið virka daga 10-18 - Laugardaga 12-16

NÝR FJÓRHJÓLADRIFINN E-PACE

VEÐURSPÁIN SKIPTIR ENGU MÁLI.



ENHEM / SIA / NM87429

Nýr Jaguar E-Pace er glæsilegur sportjeppi í millistærð og sá fyrsti sinnar gerðar frá Jaguar. E-Pace sameinar alla skemmtilegustu eiginleika Jaguar í þægilegum bíl sem auðvelt er að stjórna og hagkvæmt að eiga. Komdu og láttu drauminn um að skoða og reynsluaka Jaguar verða að veruleika.

jaguarisland.is

THE ART OF PERFORMANCE

Jaguar E-Pace, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Verð frá: 5.990.000 kr.

JAGUAR

HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



PEUGEOT PARTNER

MEÐ BAKKMYNDAVÉL Á TILBOÐI

LÁTTU GÆÐIN VINNA MEÐ ÞÉR!

Verð frá 2.790.000 kr. m/VSK
Tilboðsverð 2.540.000 kr. m/VSK
Tilboðsverð 2.048.000 kr. án VSK

**250.000 kr.
afsláttur**



Peugeot Partner er hagkvæmur og lipur atvinnubíll sem býður upp á frábært vinnuumhverfi, sveigjanlegt flutningsrými og hagkvæmni í rekstri.



Sjálfvirk bakkmyndavél, Bluetooth og 7" snertiskjár. Hraðastillir og aksturstólva með eyðslutölum.



3ja sæta. Sveigjanlegt og gott innra rými sem hægt er að stilla eftir þörfum. 850 kg burðargeta og 3,3 m³ hleðslurými.

KOMDU OG KEYRÐU PEUGEOT PARTNER!



Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

peugeotisland.is

Góð rök þarf til að breyta bitlitlu banni

Áfengisframleiðendur og innflytjendur koma auglýsingum óhindrað til almennings með keyptri dreifingu á samfélagsmiðlum. Nefnd vill afnema bann við áfengisauðglýsingum. Ráðherra segir að lýðheilsusjónarmið muni ráða för.

FJÖLMIÐLAR Mennta- og menningarmálaráðherra segir að lýðheilsusjónarmið muni ráða för þegar afstaða verður tekin til þess hvort farið verði að tillögum nefndar um bætt rekstrarumhverfi fjölmiðla um að afnema bann við áfengisauðglýsingum. Mjög góð rök þurfi að vera fyrir breytingum á lögum.

Áfengisframleiðendur og innflytjendur hafa löngum skautað fram hjá hinu umdeilda banni með því meðal annars að auglýsa léttöl í stað bjórs í hefðbundnum fjölmiðlum. Framleiðendur og innflytjendur hafa þó undanfarið nýtt sér samfélagsmiðla til að koma auglýsingum sínum óhindrað á framfæri, utan lögsögu íslenska auglýsingabansins.

Á meðfylgjandi myndum má sjá brot af keyptri dreifingu á auglýsingum framleiðenda og innflytjenda af Facebook, sem birst hafa neytendum óhindrað á timalinu þeirra nýverið, óháð því hvort þeir séu fylgjendur viðkomandi síðu á Facebook. Þar á meðal leik þar sem verið var að gefa tvo kassa af páska-bjór og kynna nýtt útlit og umbúðir á annarri þekktri tegund.

Með Facebook-auglýsingum er hægt að klæðskerasníða dreifingu auglýsinganna að tilteknum markhópi. Þeir framleiðendur sem Fréttablaðið hefur rætt við segjast nota þennan möguleika af ábyrgð og benda meðal annars á að í flestum ef ekki öllum tilfellum séu aldurstakmörk á því hverjir geti fylgst með síðunum á samfélagsmiðlum.

Bent hefur verið á að bann við áfengisauðglýsingum í fjölmiðlum hér á landi sé gagnslítið gagnvart þessum nýju óhindruðum leiðum til að ná til neytenda.

Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, segir rétt að aðgengi í tengslum við samfélagsmiðla, tækni- og hina stafrænu byltingu, sé gjörbreytt.


Á borði hennar liggja nú tillögur nefndarinnar þar sem meirihluti hennar lagði meðal annars til að birting á áfengis- og tóbaksauðglýsingum verði heimiluð innan þess ramma sem alþjóðlegar skuldbindingar Íslands segja til um. Í tillögunni segir: „Bent hefur verið á að bannið



Við drögum á miðvikudaginn.



Við hvað það væri gaman að geta keypt einn besta lagerbjór í heimi á verði vinnulegs lagerbjórs. Hey, það er þú nágrni!





Áfengisauðglýsingar með keyptri dreifingu á Facebook hafa verið áberandi.

Þess vegna þurfum við að stiga mjög varlega til jarðar og það þurfa að vera mjög góð rök fyrir því að við gerum breytingar



Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra. Þjóni vart tilgangi sínum. Lengur þar sem slíkar auglýsingar berist Íslendingum í erlendum miðlum, hvort sem er í gegnum erlenda hljóð- og myndmiðla, erlenda vefi og samfélagsmiðla eða erlend blöð og tímarit. Lilja segir skýrt að sú ákvörðun



sem tekin verði muni byggjast á lýðheilsusjónarmiðum.

„Það skiptir mestu máli að mínu mati. Nefndin skilaði niðurstöðu til mín í febrúar og hef ég þegar sett af stað vinnu þar sem við erum að fara yfir tillögurnar. Þetta er ein af tillögnum sem við erum að fara yfir, hvað þetta þýði fyrir fjölmiðla, hvernig önnur ríki hafa verið að nálgast áfengisauðglýsingar og hvað þetta þýði með tilliti til aukinnar neyslu og aðgengis. Okkur hefur tekist mjög vel til hvað þetta varðar hingað til. Þess vegna þurfum við að stiga mjög varlega til jarðar og það þurfa að vera mjög góð rök fyrir því að við gerum breytingar. Við erum að skoða þetta en það verður fyrst og síðast lýðheilsustefna sem ræður för um hvaða stefna verður tekin.“

mikael@frettabladid.is

Carlos yngsti forseti í sögu Kosta Ríka

KOSTA RÍKA Miðjumaðurinn Carlos Alvarado Quesada hafði betur gegn mótframbjóðanda sínum, Alvarado Muñoz, í forsetakosningunum í Kosta Ríka. Sigur Quesada þykir tryggja áframhaldandi áherslu á umburðarlyndi gagnvart innflytjendum og minnihlutahópum og réttindum þeirra.

Quesada, sem er 38 ára gamall og fyrrverandi þingmaður og rithöfundur, hlaut 61 prósent greiddra atkvæða. Yfirburðir hans voru nokkuð meiri en gert var ráð fyrir.

Quesada verður yngsti forseti í sögu Kosta Ríka þegar hann tekur við völdum í maí. Varaforseti hans verður Epsy Campbell en hún verður fyrsta afríkættaða konan til að gegna því embætti.

„Mitt loford er að stuðla að ríkisstjórn sem allir eiga hlut í, bæði hvað varðar jafnrétti og frelsi einstaklinga til að eiga farsæla framtíð,“ sagði Quesada í gær er þúsundir söfnuðust saman í San José til að hylla forsetann nýja. „Það er miklu fleira sem sameinar okkur en skilur okkur að.“



Carlos Quesada sigri hrósandi eftir kosningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Í kosningabaráttunni lagði Quesada mikla áherslu á réttindi samkynhneigðra og hefur heitið lagabreytingum sem heimila hjónabönd þeirra. Þessar áherslur Quesada höfðu betur gegn uppátækjum Muñoz sem viðurkenni ósigur stuttu eftir að 95 prósent atkvæða höfðu verið talin.

Muñoz hinn íhaldsami er fyrrver-

andi sjónvarpsfréttamaður en hann er einna þekktastur fyrir trúarlega tónlist sem hann hefur samið lengi vel. Kosningabaráttan hans snerist að stórum hluta um að banna hjónabönd samkynhneigðra og fóstureyðingar.

Muñoz sendi Quesada heillaóskir og lofði því að aðstoða hann við leysa úr vandamálum landsins. – khn

HONDA
The Power of Dreams

TYPE *R*

FRUMSÝNDUR 14. APRÍL



Sisi hafði betur með 97 prósent atkvæða


Fyrirsjáanlegur sigur sitjandi forseta Egyptalands var staðfestur í dag. Hann mætti engri raunverulegri mótspyrnu í kosningarátíttinni. Stjórnarandstæðingar drögu framboð til baka eftir hótanir. Eini mótframbjóðandinn var stuðningsmaður al-Sisi.

EGYPTALAND Abdel Fattah al-Sisi, forseti Egyptalands, mun halda um stjórnartaumana í Egyptalandi í að minnsta kosti fjögur ár í viðbót. Niðurstaða forsetakosninganna þar í landi var kynnt í gær en hún var á þann veg að al-Sisi hlaut hvorki meira né minna en 97 prósent greiddra atkvæða. Það vill svo til að það er nákvæmlega sama hlutfall og hann hlaut í síðustu forsetakosningum.

Vart er hægt að tala um raunverulegar kosningar í Egyptalandi enda var pólitískum andstæðingum al-Sisi og þeim sem hugðust gefa kost á sér í forsetakjörinu annað hvort meinað að bjóða sig fram á undarlegum forsendum eða beinlínis fangelsaðir.

Þó svo að yfirburðir al-Sisi hafi verið algjörir þá var kosningabátttaka minni en í síðustu kosningu, eða 41 prósent. Yfirvöld í Egyptalandi lögðu mikla áherslu á að Egyptar nýttu kosningarétt sinn. Talið er að dræm kosningabátttaka muni gera al-Sisi erfitt fyrir á komandi kjörtímabili en grunur leikur á að stjórn hans muni freista þess að hrinda af stað meiriháttar breytingum á stjórnarskrá landsins. Áhrifamenn innan ríkisstjórnarinnar hafa þrýst á slíkar breytingar, en þær taka meðal annars til endurskoðunar á lengd kjörtímabils forsetans.

Mótframbjóðandi al-Sisi var Moussa Moustafa Moussa. Hann hlaut tæplega þrjú prósent greiddra



Lasheen Ibrahim, formaður kosninganefndarinnar (fyrir miðju), fagnar vel heppnuðum kosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

atkvæða. Þrátt fyrir að hafa boðið sig fram gegn al-Sisi, þá er Moussa stuðningsmaður forsetans. Fleiri kusu að ógilda atkvæði sín í stað þess að greiða Moussa atkvæði samkvæmt niðurstöðum kosninganefndarinnar.

Aðrir stjórnarandstæðingar höfðu lýst áhuga á að bjóða sig fram. Helsti andstæðingur al-Sisi var handtekinn í janúar og kosningastjórn hans barinn til óbóta af óþekktum árásmönnum. Aðrir andstæðingar al-Sisi hættu

við framboð vegna hótana. Engar kappæður fóru fram í aðdraganda kosninganna.

Al-Sisi sagði í egypskum fjölmiðlum í aðdraganda kosninganna að hann hefði viljað sjá fleiri gefa kost á sér og að hann hefði ekkert

» Abdel Fattah al-Sisi var endurkjörinn með 97 prósent atkvæða sem er nákvæmlega sama hlutfall og í síðustu kosningum.

að gera með það að aðrir frambjóðendur hefðu hætt við framboð.

Niðurstöður kosninganna voru formlega kynntar í gær. Það var niðurstaða kosninganefndarinnar að forsetakosningarnar hefðu verið frjálstar og sanngjarnar.

Síðustu fjögur ár hafa verið mikill umbrotatími í sögu Egyptalands. Al-Sisi hefur rutt af stað miklum umbótum á efnahag landsins sem hafa komið harkalega niður á fátækustu íbúum Egyptalands.

Al-Sisi var í fararbroddi þegar egypski herinn tók öll völd í Egyptalandi árið 2013. Þá var Mohamed Mursi, fyrsta lýðræðislega kjörna forseta Egyptalands og leiðtoga Bræðralags múslima, steypt af stóli. Ári seinna var al-Sisi kjörinn forseti með 97 prósent atkvæða. Síðan þá hafa mannréttindasamtök ítrekað sakað al-Sisi og stjórn hans um að fangelsa tugþúsundir stjórnarandstæðinga. kjartanh@frettabladid.is

Fríða

Fríðindakerfi Íslandsbanka



Gerðu eitthvað skemmtilegt með peningunum þínum



Það að taka sér pásu frá Facebook getur haft jákvæð áhrif. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Að hætta á Facebook getur dregið úr streitu

SAMFÉLAGSMIÐLAR Stutt pásu frá samskiptamiðlinum Facebook getur haft jákvæð áhrif á myndun streituhormóna.

Þetta er niðurstaða rannsóknar sem unnin var af Dr. Eric Vanman við sálfræðisvið Háskólans í Queensland í Ástralíu. Markmiðið var að kanna hver ávinningurinn væri af því fyrir heilsu fólks að hætta á Facebook í nokkra daga.

„Það að taka sér pásu frá Facebook í aðeins fimm daga getur lækkað gildi streituhormóna eins og hýdrókortisón (kortisól),“ sagði Vanman í fréttatilkynningu. „Hins vegar virtust þátttakendur í rannsókninni upplifa minni vellíðan almennt með því að hætta á Facebook, þó svo hin lífðlisfræðilega streita væri minni.“

Vanman telur að ástæðan fyrir þessu sé hreinlega sú að þátttakendurnir hafi ekki áttað sig á að þeir

væru að upplifa minni streitu. Þannig hafi þeir upplifað minni vellíðan með því að rjúfa tengsl við vini sína á Facebook.

Alls tóku 138 einstaklingar þátt í rannsókninni. Var þeim skipt í tvo hópa, annars vegar hóp sem var virkur á Facebook og hins vegar hóp sem var skipað að hætta á samfélagsmiðlinum í fimm daga.

Tilraunin sýndi, eins og áður segir, fram á bæði jákvæðar og neikvæðar afleiðingar þess að hætta á Facebook.

„Við vitum jafnframt ekki hvort hið sama eigi við um aðra samfélagsmiðla, eins og Twitter eða Snapchat. En okkur grunar að þetta einskorðist ekki við Facebook. En þessar fyrstu niðurstöður gefa til kynna að það sé skynsamlegt fyrir fólk að taka sér fri frá Facebook öðru hverju.“ kjartanh@frettablaid.is

Gildi – lífeyrissjóður Ársfundur 2018

Grand hótél Reykjavík, fimmtudaginn 12. apríl kl. 17.00

Dagskrá fundarins

1. Venjuleg ársfundarstörf.
2. Tillögur til breytinga á samþykktum.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á ársfundinum með málfrelsi og tillögurétti. Sérstakt fulltrúaráð, að jöfnu skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa, fer með atkvæði á ársfundinum.

Tillögur til ályktunar sem taka á fyrir á ársfundi þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs.




www.gildi.is

Vissir þú að...

börn eiga rétt á
vernd og umönnun



Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Fríða, fríðindakerfi Íslandsbanka, býður upp á sérsniðin tilboð sem þú getur nýtt þegar þér hentar. Þú færð svo afsláttinn endurgreiddan mánaðarlega.

Náðu í Íslandsbankaappið

Virkaðu tilboðið

Verslaðu

Fáðu endurgreitt

Þunglyndi ungmenna



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Eins og Fréttablaðið greinir frá í dag þá hefur orðið tæplega nítján prósentu aukning í ávísunum þunglyndislyfja á Íslandi á árunum 2012 til 2016. Einna helst hefur aukning átt sér stað í ávísunum þunglyndislyfja til kvenna, þá sérstaklega ungra kvenna utan höfuðborgarsvæðisins. Við berum, sem fyrr, höfuð og herðar yfir þær þjóðir sem við viljum bera okkur saman við þegar notkun þessara lyfja er annars vegar. Við notum fjórðungi fleiri dagskammta á hverja eitt þúsund íbúa en sú Norðurlandþjóð sem á eftir okkur kemur.

Auðvitað er það áhyggjuefni hversu mikil aukning hefur orðið í ávísun þunglyndislyfja, einkum og sér í lagi þegar horft er til unga fólksins. En þessar ávísanir eru eðlilegt viðbragð við ómurlegri stöðu í geðheilbrigðismálum. Og ljósið í myrkrunu er það að hér er stór hópur fólks sem leitað hefur sér aðstoðar við erfiðleikum sínum.

Þunglyndislyf, eða geðdeyfðarlyf, virka. Virkni þeirra hefur í gegnum tíðina verið umdeild en nýlegar rannsóknir á þessari virkni renna styrkum stöðum undir það að lyfin hjálpi og bæti lífsgæði einstaklinga með þunglyndi og aðra tengda sjúkdóma.

Á heimsvisu er þunglyndi helsta orsök örorku en samkvæmt nýlegri skýrslu Alþjóða heilbrigðismálastofnunar þjást um 300 milljónir manna af þunglyndi, fyrst og fremst konur, ungt fólk og aldraðir.

Staða ungs fólks er sérstaklega viðkvæm og það ætti að vera algjört forgangsmál að ná til ungmenna sem ýmist glíma við þunglyndi eða eru útsett fyrir þunglyndi út frá félagslegum þáttum og öðru. Einkenni þunglyndis eru algeng í þessum aldurshópi og eru beintengd andlegum erfiðleikum til lengri tíma sem um leið hafa neikvæð áhrif á menntun og félagslega stöðu.


Það eru sterkar vísbendingar um að inngríp geti borið árangur. Þegar stór hópur 14 ára unglinga í Bretlandi sem glímdu við þunglyndi var tekinn í reglubundna geðheilbrigðisathugun var niðurstaðan eðlilega sú að stór hópur þeirra náði gríðarlegum árangri.

Geðheilbrigðisáætlun til ársins 2020 er mikið gleðiefni, en það er nauðsynlegt að efla geðrækt í skólum landsins. Rétt eins og við hvetjum börnin okkar til að leggja hart að sér í stærðfræði, íslensku og íþróttum þá verðum við að gefa þeim tækifæri til að rækta sjálfa forsenduna fyrir því að þessir hæfileikar þeirra nýtist í framtíðinni, og það er ekki hægt nema hugurinn sé ræktaður á sama tíma og allt hitt.



Staða ungs fólks er sérstaklega viðkvæm og það ætti að vera algjört forgangsmál að ná til ungmenna.

Halldór



Frá degi til dags

Erfið barátta

Þótt einungis séu tæpir tveir mánuðir til borgarstjórnarkosninga er varla hægt að segja að það sé mikil stemning fyrir kosningunum. Aðsendar greinar hér og þar frá einstaka frambjóðendum og ein og ein skoðanakönnun er gerð. Borgarþúar eru þreyttir á núverandi meirihluta og haldlitlum úrræðum í skipulagsmálum og skólumálum. En fátt bendir til þess að aðrir sem gera atlögu að borgarstjórnarmeirihlutanum nái að sannfæra kjósendur um að þeir geti gert betur. Allt bendir til þess að forspá Össurar Skarphéðinssonar reynist rétt og Eyþór Arnalds verði sprækur leiðtogi stjórnarandstöðunnar. Vonum bara að fyrirsjáanleg úrslit verði ekki til þess að draga úr áhuga fólks á að mæta á kjörstað.

Vörn Sjálfstæðisflokksins Stærsta stjórnarandstöðuflokknum, Sjálfstæðisflokknum, er reyndar vorkunn. Hann þarf nefnilega ekki bara að sækja gegn meirihlutanum í borginni. Líkt og í síðustu þingkosningum þarf hann líka að verjast gegn tveimur smáframboðum, Viðreisn og Miðflokknum. Eins ólíkar og þær Þórdís Lóa og Vigdís Hauksdóttir kunna að vera, þá eiga þær það báðar sameiginlegt að geta höfðað til fólks sem áður var líklegt til að greiða Sjálfstæðisflokknum atkvæði sitt.

jonhakon@frettabladid.is

Afnemum þakið



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Fjölbreytt atvinnulíf er eftirsóknarvert því það styrkir grundvöll hagkerfisins. Íslenskt efnahagslíf er mjög sveiflukennt og mun sveiflukenndara en gengur og gerist í samanburðarlöndum. Því veldur m.a. smæð og einhæfni í gjaldeyrissköpun. Hér á landi þarf að fjölga stöðunum. Útflutningstekjur þurfa að vaxa um milljarð á viku hverri næstu tvo áratugi til að standa undir þeim lífsgæðum sem við þökkjum. Það verður ekki gert nema okkur takist að virkja hugvitið enn frekar til þess að skapa aukin verðmæti og draga um leið úr sveiflum. Fyrsta skrefið er að afnema þak á endurgreiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir og þróunarstarf. Slíkt hvetur til nýsköpunar en þakið sendir þau röngu skilaboð að um leið og fyrirtæki stækka eigi þau betur heima annars staðar en á Íslandi.

Með nýsköpun er hugmyndum breytt í verðmæti og um leið skapat forskot í samkeppni, innan lands og utan. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að nýsköpun sé stunduð. Nýsköpun á ekki einungis við um starfsemi frumkvöðlafyrirtækja heldur fer nýsköpun að verulegu leyti fram innan rötgróinna fyrirtækja jafnt í skapandi iðnaði sem og hefðbundnum iðnaði.

Mörg ríki leitast við að örva nýsköpun með skattalegum hvötum. Hér á landi hafa slíkir hvatar þegar sannað gildi sitt en betur má ef duga skal til þess að ná metnaðarfullum markmiðum stjórnvalda. Vísindagætt og tækniráð hefur sett markmið um að fjárfesting í rannsóknum og þróun nemi 3% af landsframleiðslu árið 2024 en hlutfallið er nú ríflega 2%. Fjárfesting í rannsóknum og þróunarstarfi þarf að aukast um 40 milljarða á ársgrundvelli til að ná þessu markmiði eins og fram kemur í nýlegri skýrslu Samtaka iðnaðarins, Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfni. Afnám þaksins er fyrsta skrefið að því marki.

Þar sem hugvit er án landamæra ríkir mikil alþjóðleg samkeppni um nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Önnur lönd hafa meðal annars búið til íslenskum fyrirtækjum að flytja starfsemi sína hédan og í hagstæðara starfsumhverfi. Ísland hlýtur að vilja taka þátt í kapphlaupinu og vera eftirsóknarvert til búsetu og atvinnurekstrar. Það er ekki eftir neinu að biða.



Fyrsta skrefið er að afnema þak á endurgreiðslur vegna kostnaðar við rannsóknir og þróunarstarf.

TUDOR RAFGEYMAR

Alltaf öruggt start fyrir kuldann í vetur.

TUDOR High Tech rafgeymar.

Í allar gerðir faratækja.

Endurhlaðast allt að 50% hraðar (Carbon boost).
Nýjar blýgrindur (3DX) = Lengri ending.
Alveg lokaðir og viðhaldsfriir.
Mikið kaldræsiþol, örugg ræsing í miklum kulda.
Góðir fyrir bíla með miklum aukarafbúnaði.

Mikið úrval - Traust og fagleg þjónusta alla leið.

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Óskiljanleg sóun



Sigurður Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs



A Íslandi er framleitt hágæðaeldsneyti á gasformi sem af einhverjum óskiljanlegum ástæðum er alltof lítið brúkað. Metan er framleitt á tveimur stöðum á landinu, hjá Norðurorku á Akureyri og Sorpu sem fanga hauggas sem myndast vegna rotnunar í gömlum sorphaugum. Það er gríðarlegur umhverfisávinningur fölginn í því að fanga hauggasið, áður en það sleppur í lofthjúpin, og brenna það svo á bifreiðum. Í stað þess að hauggasið endi sem afar öflug gróðurhúsalofttegund er því safnað og breytt í hágæða eldsneyti, metan. Metanframleiðsla mun aldrei geta annað öllum bílaflotanum en hún getur sannarlega annað miklu fleiri metanbílum en eru nýskráðir um þessar mundir. Gasið myndast nefnilega óháð því hvort við notum það eða ekki, þannig að ef það er ekki notað á bíla þá tapast það einfaldlega sem uppgufun. Það er klár sóun.

Í starfi mínu hef ég hlustað á endalausar afsakanir um það hversu erfitt er að stíga skref í átt að orkuskiptum og minni útblæstri. Skoðum nokkrar af þessum afsökunum í samhengi við metanlausnina:

Fullyrðing: Of dýrir bílar. Nei, vegna eðlilegra ívilnana eru metanbílar ódýrari en sambærilegir bílar. Nokkrar af allra vinsælustu bílategundum landsins, eins og VW golf og Skoda Octavia eru til í metanútgáfu og eru ÓDÝRARI en sambærilegar bensínútgáfur. Þetta eru ekki breyttir bílar heldur koma beint frá framleiðanda. Í raun og veru eru þessir bílar líka bensínbílar með bensínþank en geta einnig gengið á metani einu saman. Það er í raun óskiljanlegt að sumir velji að borga



Það er hægt að kaupa ódýran hágæða bíl frá traustum framleiðanda sem getur gengið fyrir ódýrari innlendri og umhverfisvænni orku án nokkurra drægnitakmarkana, enda bensínþankur til vara. Það eru bæði vonbrigði og ráðgáta af hverju svo fáir velja þennan frábæra kost.

nokkra hundraðþúsundkalla aukalega fyrir bíl til þess eins að geta ekki tekið metan. Það er eins og þú færir á hamborgarastað og borgaðir auka pening til að losna við að fá franskar kartöflur með hamborgaranum.

Fullyrðing: Umhverfisvænt eldsneyti er dýrara. Já, því miður er það yfirleitt þannig, ekki sist vegna þessa að oliuverð hefur aldrei endurspeglad eigin umhverfiskostnað. Metan er hins vegar ódýrara fyrir neytendur. Bensínlítraigildi af metangasi er í kringum 150 kr. og hefur verið þannig í langan tíma, sem sagt verðstöðugleiki, ólíkt olíu. Neytendur borga þannig bæði minna fyrir metanbílinn og eldsneytið auk þess sem bifreiðagjöld eru lægri. Það er sem sagt ódýrara að kaupa og reka metanbíl frá toppframleiðanda sem gengur á innlendu eldsneyti, dregur úr neikvæðum loftlagsbreytingum

auk þess sem bíllinn hefur minni heilsuspillandi útblástur. Samt velja margir að kaupa sambærilega bensínbíla, óskiljanlegt.

Það hlýtur að vera hægt að finna einhverjar aðrar afsakanir. Til dæmis að það eru of fáar afgreiðslustöðvar og svo er þetta hættulegt og eldfimt gas. Vissulega eru afgreiðslustöðvarnar ekki margar en þeim hefur fjölgað og nú eru fimm á höfuðborgarsvæðinu og ein á Akureyri. Auðvitað þýðir þetta að metan er ekki besta lausnin fyrir alla landsmenn en það breytir því ekki að metan er frábær lausn fyrir marga landsmenn. Og aftur verður að minna á að metanbílar hafa einnig bensínþank og verða því aldrei strand þó metanið þrjóti og langt sé í næstu stöð. Vissulega er metan eldfimt gas sem höndla verður með varúð, en við gleymum oft að olía er líka eldfim og hættuleg og getur, ólíkt metani, valdið alvarlegri mengun á ferskvatni við leka.

Sem betur fer velja fleiri og fleiri rafbíla en enn þá kaupa hins vegar flestir nýja bensín- og dísilbíla. Oft er afsökunin hátt innkaupaverð á rafbil og lítil drægni en þær afsakanir gilda bara alls ekki fyrir metanbíla. Það er hægt að kaupa ódýran hágæða bíl frá traustum framleiðanda sem getur gengið fyrir ódýrari innlendri og umhverfisvænni orku án nokkurra drægnitakmarkana, enda bensínþankur til vara. Það eru bæði vonbrigði og ráðgáta af hverju svo fáir velja þennan frábæra kost. Það er óskiljanleg sóun að nýta ekki betur þetta frábæra íslenska eldsneyti.



Breytingar á vinnumarkaði - eru borgaralaun svarið?



Opinn fundur Alþýðusambands Íslands í Norræna húsinu, fimmtudaginn 5. apríl kl. 8.30 - 11.

Dagskrá

- 08.30 Hvað eru borgaralaun?** – Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, hagfræðingur hjá ASÍ
- 08.45 Leiðir til að takast á við áhrif tæknibreytinga á vinnumarkað** – Dr. Henning Meyer, ritstjóri Social Europe og framkvæmdastjóri New Global Strategy
- 09.30 Borgaralaunatilraunin í Finnlandi** – Ilkka Kaukoranta, hagfræðingur finnska Alþýðusambandsins (SAK)
- 10.15 Valdefling á einstaklingsgrundvelli** – Halldóra Mogensen, þingkona Pírata og formaður velferðarnefndar Alþingis

Umræður

Fundarstjóri, Hildur Margrét Jóhannsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ

Fundurinn fer að mestu fram á ensku og verður streymt á heimasíðu ASÍ, www.asi.is

Léttur morgunverður – allir velkomnir!



Dr. Henning Meyer



Ilkka Kaukoranta



Halldóra Mogensen



FORD KUGA TITANIUM YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öfluglu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, aksturseginnleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu og fimm stjörnu öryggi.



FORD KUGA TITANIUM AWD SJÁLFSKIPTUR
VERÐ ÁÐUR: 5.400.000 KR.

TILBOÐSVERÐ:
4.980.000 KR.



ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söluæildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Glatt á hjalla á Ásvöllum



Komnar með frumkvæðið Haukar unnu nokkuð öruggan sigur á Skallagrími, 88-74, í fyrsta leik liðanna í undanúrslitum Domino's deildar kvenna í körfubolta. Deildarmeistararnir leiddu allan tímann og höfðu alltaf yfirhöndina í leiknum. Fjórir leikmenn Hauka skoruðu 11 stig eða meira á meðan aðeins fimm leikmenn Skallagríms komust á blað. Liðin mætast öðru sinni í Borgarnesi á föstudaginn kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Nýjast

Dominos-deild kvenna, undanúrslit

Haukar - Skallagrímur 88-74

Haukar: Whitney Frazier 27/11 fráköst/7 stoðsendingar, Helena Sverrisdóttir 24/7 fráköst/8 stoðsendingar, Þóra Kristín Jónsdóttir 15, Rósa Björk Pétursdóttir 11, Sigrún Björg Ólafsdóttir 6, Anna Lóa Óskarsdóttir 3, Fanney Ragnarsdóttir 2.

Skallagrímur: Carmen Tyson-Thomas 34/11 fráköst, Sigrún Sjöfn Amundadóttir 17/11 fráköst/8 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 16, Briet Lilja Sigurðardóttir 6, Arnína Lena Rúnarsdóttir 1.

Staðan í einvignu er 1-0 fyrir Hauka.

Viðar gæti farið til FH

FÓTBOLTI Norska úrvalsdeildarfélagið Brann skoðar nú hvort það eigi að lána Viðar Ara Jónsson til FH. Þetta kemur fram í Bergens Tidende. Samkvæmt upplýsingum blaðsins var Viðar ekki í leikmannahópi Brann gegn Strømsgodset í gær því hann gæti verið á förum til FH.

Brann ætlar að grísa leikmannahóp sinn en félagið er með of marga erlenda leikmenn í sínum röðum. Samkvæmt Bergens Tidende verður væntanlega búið að ganga frá lánsamningi Viðars fyrir morgundaginn. Viðar gekk í raðir Brann frá Fjölni fyrir síðasta tímabil en lék aðeins 10 deildarleiki með liðinu í fyrra. – ips

Tölfræðin ekki með ÍBV í liði

Úrslitakeppni Olís-deildar kvenna hefst í kvöld með leik Íslands- og bikarmeistara Fram og ÍBV í Safamýrinni. Framkonur hafa unnið alla leiki liðanna í vetur. Á morgun hefst einvígi deildarmeistara Vals og Hauka.

HANDBOLTI Leikmenn, þjálfarar og stuðningsmenn ÍBV hafa væntanlega ekki hoppað hæð sína af kæti þegar ljóst var að liðið myndi mæta Fram í undanúrslitum Olís-deildar kvenna í handbolta.

Tölfræðin er allavega ekki með Eyjakonum í liði. Fram og ÍBV hafa mæst fjórum sinnum í vetur; þrisvar í Olís-deildinni og einu sinni í Coca Cola-bikarnum. Framkonur unnu alla leikina með samtals 16 markum. Fram vann engan af þessum leikjum með minna en þriggja marka mun.

ÍBV endaði í 3. sæti Olís-deildarinnar með 30 stig. Liðið vann 14 af

16

marka munur er á Fram og ÍBV í fjórum innbyrðis viðureignum liðanna í vetur.

21 leik, gerði tvö jafntefli og tapaði fimm leikjum, þar af þremur á mót Fram.

Íslandsmeistararnir hafa verið nær óstöðvandi eftir áramót en tap fyrir Haukum í fyrsta leik eftir bikarhelgina gerði út um vonir

liðsins á að verða deildarmeistarar. Deildarmeistaratitillinn virðist þó gefa liðum lítið þegar á hólminn er komið. Frá 2013 hafa deildarmeistarar aðeins einu sinni staðið uppi sem Íslandsmeistarar (Gróttá 2015).

Síðan úrslitakeppnin var tekin upp að nýju 2009 hefur Fram sex sinnum komist í úrslit um Íslandsmeistaratitillinn og tvisvar unnið þann stóra (2013 og 2017). Fram hefur 21 sinni orðið Íslandsmeistari, oftast allra liða.

ÍBV hefur hins vegar ekki komist í úrslit um titillinn síðan 2005. Eyjakonur voru fastagestir í úrslitum á fyrstu árum þessarar aldar og unnu

þá fjóra Íslandsmeistaratitla (2000, 2003, 2004 og 2006).

Á morgun hefst hin undanúrslitarrimman, milli deildarmeistara Vals og Hauka. Valskonur unnu tvo af þremur leikjum liðanna í Olís-deildinni og einn endaði með jafntefli. Liðin mættust m.a. í lokaumferð deildarinnar þar sem Valur vann sex marka sigur, 28-22, og tryggði sér þar með deildarmeistaratitillinn.

Valur hefur ekki farið í úrslit um Íslandsmeistaratitillinn síðan 2014. Það er öllu lengra síðan Haukar komust í úrslitaeinvígið, eða 2005 þegar liðið varð síðast Íslandsmeistari. ingvithor@frettabladid.is



Kári Kristjánsson skoraði níu mörk í seinni leiknum gegn Krasnodar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Turda kemur aftur til Íslands

